

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Íslenska	Kennari/ar Kennari: Unnur Bjarkadóttir, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Íris Grétarsdóttir
--	--

Markmið

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

Megintilgangi kennslu í íslensku má skipta í fjóra þætti; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði.

Talað mál, hlustun og áhorf: Mikilvægt er að nemendur þjálfast í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum. Veigamikill þáttur í almennri menntun er að kunna að hlusta og horfa með athygli og á gagnrýninn hátt.

Lestur og bókmenntir: Mikilvægt er að leið nemandans liggja til sjálfstæðis þannig að smám saman fari hann að velja sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við námið, áhuga og þörf. Íslenskur menningararfur liggur að verulegu leyti í bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri ýmissa bókmennta.

Ritun: Leggja þarf áherslu á að nemendur nái tókum á að setja eigið efni skýrt fram og skipulega með ýmsum hætti fyrir ólíka hópa og í mismunandi tilgangi.

Málfræði: Gera þarf nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum sem og að glæða áhuga þeirra á móðurmálinu.

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Viðfangsefni	
<p>Hlustun</p> <p>að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none">hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.hlustað á aðra og sýnt kurteisi og ábyrgð sem virkir hlustendur. <p>Lestur og bókmenntir</p> <ul style="list-style-type: none">að nemandi geti:beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.þekkt persónur, söguþráð, umhverfi og boðskap þegar lesið er.	<p>Ritun</p> <p>að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none">dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.beitt einföldum stafsetningarreglum.þekkt grunnþætti í byggingu texta, svo sem upphaf, meginmál og niðurlag í eigin ritun.samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu. <p>Málfræði</p> <p>að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none">þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
Námsgögn	
<ul style="list-style-type: none">LesrúnMálsgreinar og mas 1 og 2SkinnaSkrift 4Málfræði og stafsetningarhefti	

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Kennsluaðferðir

- Innlögn kennara
- Umræður
- Samvinna
- Einstaklingsvinna
- Spil og námsleikir
- Svæðavinna.

Í tímum er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og umræður.

Farið er yfir markmið hvers námsþáttar og helstu hugtök sem unnið verður með.

Námsmat

Námsmat er í formi símats úr hverjum námsþætti.

Frammistaða nemenda úr hverjum námsþætti er metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með. Viðkomandi hæfniviðmið eru metin út frá matskvörðunum:

- framúrskarandi
- hæfni náð
- á góðri leið
- þarfnast þjálfunar
- hæfni ekki náð

Í lok skólaárs er gefin einkunn í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Stærðfræði	Kennari/ar Kennari: Íris Grétarsdóttir, Unnur Bjarkadóttir og Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir,
--	--

Markmið

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Verkefni stærðfræðinnar eru að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur. Hæfni í stærðfræði felur m.a. í sér að geta tjáð sig með stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, rökrætt um lausnarleiðir og sannreynt lausnir sínar og annarra. Til að öðlast þessa hæfni þurfa nemendur að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði, trú á eigin getu og rækta með sér það viðhorf að stærðfræði sé skynsamleg og nýtsamleg.

Viðfangsefni

- | | |
|--|---|
| <ul style="list-style-type: none">• Ummál og flatarmál• Margföldun og deiling• Mælingar og tugabrot• Almenn brot• Reikningur | <ul style="list-style-type: none">• Tölfræði• Hnitakerfið• Samlagning og frádráttur• Tími• klukka• Samhverfa og mynstur. |
|--|---|

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Námsgögn

- Sproti 4a nemendabók og æfingahefti
- Sproti 4b nemendabók og æfingahefti.

Ítarefni:

- Hlutbundinn vinna á svæðum
- Við stefnum á margföldun og deilingu
- Í undirdjúpunum
- Könnun kortin 2
- Stærðfræðispæjarinn 3
- ýmis ljósrit.

Kennsluáferðir

Innlögn kennara, umræður, samvinna, einstaklingsvinna, spil, námsleikir og svæðavinna.

Í tímum er lögð áhersla á vönduð vinnubrögð og umræður og stærðfræðileg verkefni.

Farið er yfir markmið hvers námsþáttar, þau gerð sýnileg í kennslurýminu og nemendur gerðir meðvitaðir um hvert þeir eru að stefna.

Námsmat

Námsmat er í formi símats úr hverjum námsþætti. Þ.e.a.s. frammistaða nemenda er metin út frá þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með hverju sinni. Mat á sér stað jafn óðum yfir námstímann, ýmist í formi formlegra matsverkefna eða óformlegra athuganna í gegnum umræður eða samtöl við nemendur. Sjálfsmat er einnig hluti af námsmati með því að nemandinn fær tækifæri til þess að ræða færni sína í stærðfræði. Leiðsagnarmat er mikilvægur hluti námsmatsins þar sem nemandinn er upplýstur um stöðu sína og fær leiðbeiningar reglulega um hvernig hann getur bætt við sig þekkingu eða færni.

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur



Hæfniviðmið eru metin út frá matskvörðunum:

- framúrskarandi
- hæfni náð
- þarfnast þjálfunar
- hæfni ekki náð
- Matið sýnilegt inni á mentor og fært inn jafn og þétt yfir námsárið.
- Í lok skólaárs er gefin einkunn í bókstöfum: A, B+, B, C+, C og D.

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Samfélags- og náttúrufræði	Kennari/ar: Unnur Bjarkadóttir, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Íris Grétardóttir
--	--

Markmið	
<p>Stefnt er að því að hvert og eitt barn vakni til umhugsunar um umheiminn í víðu samhengi og byggi ofan á þá kunnáttu sem fyrir er.</p> <p>Yfirmarkmið námsefnisflokksins er að:</p> <ul style="list-style-type: none">• vekja áhuga nemenda í náttúru- og samfélagsgreinum og virkja innri áhugahvöt þeirra• efla læsi í víðu samhengi s.s. merkjalæsi, myndalæsi, kortalæsi, samfélagslæsi, samskiptalæsi og líkamstjáningu• virkja ímyndunarafl og sköpunargáfu nemenda ásamt gagnrýninni hugsun• þjálfa nemendur til vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra• hvetja til sjálfstæðrar þekkingarleitar• efla ritun og orðaforða nemenda• samþætta yfirferðina við skólastarfið í heild sinni, nærumhverfið og samfélagið• að læra í gegnum hreyfingu, leiki og þrautir, inni sem úti.	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none">• Eldfjöll og Jarðhræringar• Pizzur• Átthagar	<ul style="list-style-type: none">• Saga mannkyns• Landakort• Umhverfismennt - Blái hnötturinn

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Námsgögn

- Komdu og skoðaðu eldgos
- Komdu og skoðaðu sögu mannkyns
- Komdu og skoðaðu landakort
- Halló Heimur 2
- Könnun kortin 1 og Könnun kortin 2.

Fjölbreytt ítarefni, verkefnablöð, ýmist efni á vefnum, spil, mælingar og fleira.

Kennsluáferðir

-Innlagnir og kveikjur um viðfangsefni.

-Lögð er áhersla á samþættingu námsgreina og fjölbreytta kennsluhætti s.s. uppgötvunir, rannsóknir, ritun, lestur, samræður, þrautir og leiki. Unnið er með bæði gróf- og fínhyfingar ásamt því að orðaforði og læsi eru markvisst efld.

-Einnig er lögð áhersla á samvinnufærni, að leyfa náminu og uppgötvun nemenda að hafa áhrif, einstaklings-, para- og hópaverkefni og að nemendur eflist í að segja frá og kynna skoðanir/niðurstöður fyrir öðrum.

Námsmat

-Námsmat er í formi símats úr hverjum námsþætti.

-Leiðsagnarmat – endurgjöf frá kennara

-Stöðumat – Hópverkefni, einstaklingsverkefni, skilningur og virkni í tímum.

-Sjálfsmat – mat á eigin stöðu hjá nemendum.

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Myndmennt	Kennari: Sigríður Oddný Stefánsdóttir
---	---------------------------------------

Markmið

Með listum getur maðurinn tjáð og dýpkað tilfinningar sínar og ölast reynslu sem ekki verður færð í orð. Að nemendur öðlist tækifæri á að læra og tjá sig án orða. Að efla frumkvæði þeirra og þroska gagnrýna og skapandi hugsun. Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni til að takast á við ófyrirséða framtíð á skapandi hátt, sjá ný mynstur og hugsa í lausnum og þroska persónulega tjáningu og smekk.

- Gengið frá eftir vinnu sína.
- Gengur vel um eigin skólans, tæki, búnað og efni.
- Gengur vel að vinna með öðrum.
- Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.
- Fjallað um eigin verk og annarra.
- Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.
- Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.

Viðfangsefni

Kynning á námsefni. Nemendur fá margskonar verkefni sem auka og þjálfa færni þeirra til að tjá sig. Teikning, málun, blöndun lita, mótun í þrívídd og áferðarvinna. Grunnform og náttúruleg form, myndbygging, heitir og kaldir litir og þrykk. Áhrif ljóss og skugga. Nemendur þjálfast í hlustun og að taka ákvarðanir. Nemendur fá val um að taka þátt í teiknisamkeppni Mjólkursamsölnunnar sem er í boði fyrirgrunnskólanemendur í 4. bekk ár hvert. Myndmennt getur verið samofin þemavinnu í öðrum fögum þegar við á. Lögð er áhersla góðan vinnuanda í kennslustofu, góða umgengni og frágang.

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur



Námsgögn

- Námsfni frá Menntamálastofnun
- Efni af interneti
- Ýmsar námsbækur í aðferðafræði
- Leirmótun
- Listasaga

Kennsluáferðir

- Einstaklingskennsla
- Sýnikennsla
- Fyrirmæli
- Leikir

Námsmat

- Símat, framvinda skráð inn á Mentor
- Leiðsagnarmat

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Tónmennt	Kennari: Unnur Bjarkadóttir, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Íris Grétarsdóttir
--	---

Markmið	
Að nemendur:	
<ul style="list-style-type: none">- Þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun- Greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna- Greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög),- Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none">- Samsöngur- Íslensk tónlist- Uppsetning á söng- og leikverki um jól og á árhátíð	
Námsgögn	
<ul style="list-style-type: none">- Ýmiskonar efni af interneti- Efni af tónmenntarvef- Fjölbreytt hljóðfæri	

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur



Kennsluaðferðir

- Hlustun
- Samræður
- Samsöngur
- Einstaklingsvinna

Námsmat

- Símat
- Leiðsagnarmat

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Smíði	Kennari: Ragnar Gestsson
--	--------------------------

Markmið	
<p>Að nemendur:</p> <ul style="list-style-type: none">-læri að þekkja smíðastofuna sem stað þar sem MÁ búa til hluti, 'gera eitthvað'. Og öðlist á þeirri leið læsi á þá möguleika sem felast í úthaldi og þrautseigju.-þekki og geti beitt einföldum handverkfærum af þeirri ró og öryggi sem verkfærin krefjast-geti gengið frá verkfærum eftir sig og sópað í kringum vinnuáðstöðu sína.-skilji ferli þess efniviðar sem þeir nota, frá fræi, til trés, til þurrkaðs viðar. <p>Með þessu móti þroska þau fínhyringar, læra að hugsa sjálfstætt og fara í gegnum vinnuferli.</p>	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none">-Haustverkefni, náttúran skoðuð, laufum og greinum safnað, allt þurrkað, límt, gerð spjöld.Verkefni valin með hliðsjón af öðru skólastarfi og í samþættun við aðrar greinar.-Fleiri verkefni tengd vexti náttúrunnar.-Annað verkefni er skopparakringla. Nemendur læra að finna miðju plötu, teikna hring með hringfara, saga með bogasög, raspa agnúa og pússa. Bora síðan ofan í miðju plötunnar og líma ydda dílastöng. Litað og lakkað.	

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Námsgögn

Öll þau verkfæri sem henta hverju verkefni.

Kennari hvetur til umræðna um kosti og galla hvernar uppástungu.

Bakkasög, laufsög, hamrar, raspar, þjalir, sandpappír, trélitir og allt annað sem töfraheimur smíðastofunnar hefur uppá að bjóða.

Kennsluaðferðir

Sameiginleg innlögn og verkleg sýnikennsla þar sem verkefni eru útskýrð fyrir nemendum. Að öðru leyti er kennslan einstaklingmiðuð

Námsmat

Frammistöðumat þar sem verkefni nemenda er metin 50%, kennaraeinkunn 50%.

Kennaraeinkunnin byggir á vinnubrögðum og færni 20%, umgengni og virkni 30%.

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Textílmennt	Kennari: Hildur Jónsdóttir
---	----------------------------

Markmið	
Að nemendur: <ul style="list-style-type: none">-noti útsaum til skreytinga-læri að snúa band eða hnýta-læri að sauma beina sauma á saumavél-læri að þræða yfirtvinna á saumavél-geti notað hugtök og heiti sem tengjast viðfangsefnum greinarinnar-læri að fitja upp í prjóni, að fella af í prjóni-prjóni garðaprjón-þjálfist í að yfir færa áunna þekkingu frá öðrum greinum, t.d. stærðfræði, fyrir munsturgerð.	
Viðfangsefni	
<p>Nám í textíl byggist á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Mikilvægt er að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni.</p> <p>-</p> <p>--Nemendur gera eigin sessur til að sitja á í tímum, skreyta sessur með textílmálningu, læra títa og nýta efnaafganga sem uppfylliefni, læra að sauma sessuna saman í saumavél</p> <p>I, „Leikniæfingar í vélsaumi“. Námsgagnastofnun. Sigrún Anna Ólafsdóttir</p> <ul style="list-style-type: none">- Prjóna íslenska fánann, eða kisu litlu fígúru-Útsaumur hjarta: leggsaumur, tunguspor og lykkjuspor.-Þæfing um sápu/ Þæfing utan um pappaspjald/Þæfð flaska.	

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

<p>-Bakpoki eða taska úr stríga/"Bangsaandlit"-púðar.</p> <p>-Krosssaumur/"Stafir"/"Skrímli".</p>	
Námsgögn	
<p>„Hannyrðir í 3.- 6.bekk“, bls.202 https://vefir.nams.is/textilmennt/pdf/bolt_fig.o.fl.pdf https://vefir.mms.is/textilmennt/ur_korfu_kenn/thaefd_flaska.pdf "Smíða verkefni 1.-4.bekkur". Eygló Ragnheiður Sigurðardóttir, Námsgagnastofnun, 2014 https://vefir.mms.is/textilmennt/pdf/striga_taska.pdf https://vefir.mms.is/textilmennt/pdf/bakpoki.pdf https://vefir.mms.is/textilmennt/pdf/taef_pappaspj.pdf https://vefir.mms.is/textilmennt/ur_korfu_kenn/nytt_okt_12/stafir.pdf https://vefir.mms.is/textilmennt/ur_korfu_kenn/bangsaandlit.pdf https://vefir.mms.is/textilmennt/ur_korfu_kenn/nytt_okt_12/skrimli.pdf https://vefir.mms.is/textilmennt/pdf/saumar.pdf Ýmis verkefni frá kennara með viðfangsefnum eftir þörfum hvers og eins</p>	
Kennsluaðferðir	
<p>Sameiginleg innlögn í upphafi, sýnikennsla, para- og hópavinna, einstaklings aðstoð og umræður. Námsþættir: vélsaumur, þrjón, útsaumur, þæfing, endurvinnsla.</p>	
Námsmat	
<p>Ýmsar leiðir eru farnar til að meta námsárangur nemenda. Stöðumat er notað til að leggja mat á getu þeirra við upphaf kennslu, símat byggt á handbragði, formi, litaskyni, hugmyndavinnu og virkni; leiðsagnarmat er nýtt til að fylgjast með námsferlinu og veita stöðugra endurgjöf á meðan á náminu stendur. Lokamat lagt fyrir nemendur til að meta námsárangur þeirra. Umsögn er gefin fyrir vinnubrögð, vinnusemi og framkomu, í lok annar.</p>	

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Kennsluáætlun Námshættir: Íþróttir	Kennari: Örvar Rafn Hlíðdal
---	-----------------------------

Markmið	
Skólaíþróttir gegna mikilvægu hlutverki í heilsuuppeldi og heilsurækt nemenda allan grunnskólann. Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hæuti þeirrar heilsuræktar og heilsuefningar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námshætti þeirra. Með kennslu íþróttagreina nást mörg markmið í einu bæði líkamleg, félagsleg og andleg. Það mikilvægasta er þó gleðin og löngunin til að taka þátt og hreyfa sig meira, bætt líkams ástand og auðkið sjálfstraust. Með skólaíþróttum getum við því stuðlað að heilbrigðum lífstíl og kennt nemendum að nota fjölbreyttar æfingar sér til gangs og gamans.	
Viðfangsefni	
Í íþróttatímum fá nemendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi íþróttagreinum og hópþjálfun sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi.	Að nemendur hafi ánægju af íþróttum og horfi á þær sem jákvæða upplifun, fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun.
Námshættir	
Íþróttahöld sem eiga við hverju sinni.	
Kennsluáferðir	
Kennslan byggist upp á ýmsum leikjum. Boltaleikjum, stöðvahringjum, teygjum og slökun. Reynt er að hafa íþróttakennsluna fjölbreytta og er mikil áhersla lögð á nám í gegnum leik. Áhersla er einnig lögð á jákvæðan aga, virkni og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.	
Námshættir	
Námshættir er símat, þar sem frammistaða nemenda er metin jafn og þétt yfir tímabilið. Byggist á virkni, viðmót og þátttöku nemenda, ásamt framkomu, hegðunar og sundtækni.	



Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Kennsluáætlun Námsgrein: Sund	Kennari: Örvar Rafn Hlíðdal
--	-----------------------------

Markmið	
Öðlist öryggi og vellíðan í vatni, þátttaka, vatnsleikir, fljóta á maga og baki, sækja hluti í kafi. Skriðsund fótatak, skriðsund, baksund, bringusund fótatak, skólabaksund fótatak. Áhersla lögð á að nemendur taki þáttí æfingum sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar, með eða án áhalda. Nemendur eflist í félagsfærni, sýni öðrum umburðarlyndi og hafi jákvæð samskipti í lauginni.	
Viðfangsefni	
Í sundtímum fá nmendur fjölbreytta þjálfun í mismunandi sundferðum og hópleikjum sem stuðla að þjálfun í félagsfærni, samábyrgð og tillitsemi.	Áhersla er lögð á að nemendur fái viðfangsefni við hæfi og læri að bera ábyrgð á eigin heilsu og þjálfun og geti notað sunðið sem heilsurækt. Nemendur læra rétta sundtækni sem og að geta bjargað sér og öðrum.
Námsgögn	
Íþróttáhöld (flár, froskalappir, núðlur o.fl.) sem eiga við hverju sinni.	
Kennsluaðferðir	
Stefnt er að því að hafa fjölbreyttar kennsluaðferðir: Einstaklingssund, paravinna, hópavinna, sundbolti, frjálst, leikir, stöðvar, núðlusund og nýta tæknina til kennslu.	
Námsmat	
Námsmat er símat, þar sem frammistaða nemenda er metin jafn og þétt yfir tímabilið. Byggist á virkni, viðmót og þátttöku nemenda, ásamt framkomu, hegðunar og sundtækni.	

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur

Kennsluáætlun Námshættur: Lífsleikni	Kennari: Sigríður Oddný Stefánsdóttir
--	---------------------------------------

Markmið	
<ul style="list-style-type: none">• Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig• Gert sér grein fyrir hvar styrkleikar liggja• Áttað sig á ýmsum tilfinningum svo sem gleði, reiði, sorg• Sýnt tilíssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.• Hlustað á og greint ólíkar skoðanir• Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur	
Viðfangsefni	
<ul style="list-style-type: none">• Styrkleikar og veikleikar• Virk hlustun• Samkennd og virðing• Samræður	
Námshættur	
<ul style="list-style-type: none">• Námsæfni í lífsleikni, Spor 4• Ýmis verkefni frá kennara• Efni af interneti	
Kennsluaðferðir	
<ul style="list-style-type: none">• Umræðu og spurnaraðferðir• Hlutverkaleikir• Bein kennsla• Samvinnunám	

Bekkjarnámskrá- 4. bekkur



Námsmat

- Símat, framvinda skráð inn á Mentor
- Leiðsagnarmat, kennarar veita endurgjöf á verkefni nemenda hverju sinni
- Jafningjamat, nemendur meta hvorn annan í verkefnavinnu.